

---

**From:** [kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

**Sent:** 26.11.2014 11:18:22

**To:** Þóroddur F. Þóroddsson; Rut Kristinsdóttir

**Subject:** Sjókvíaeldi HG í Ísafjarðardjúpi, 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski.

**Efni: Sjókvíaeldi HG í Ísafjarðardjúpi, 6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski.**

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bré Skipulagsstofnunar frá 17. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fjallað er um menningarminjar í kafla 3.4.1 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram var í umsögn um tillögu að matsáætlun vakti athygli á fornleifakönnun sem fram fór neðansjávar á nokkrum stöðum á Vestfjörðum á árunum 2009 - 2010. Bent var á tvö svæði í Álftafirði sem könnuð hafa verið. Annað svæðið var við Dvergastein en hitt sunnan við Langeyri. Á báðum stöðunum fundust skipsflök auk fleiri minja. Þessi svæði verða ekki fyrir áhrifum vegna fiskeldis HG í Álftafirði.

Til eru heimildir um verslun og siglingar við Ísafjarðardjúp í gegnum tíðina. Nokkrar líkur eru á því að leifar um athafnir manna frá fyrri tíð, t.d. leifar sokkinna skipa, geti leynst á hafsbotni. Ekki hefur verið kannað sérstaklega hvort fornleifar finnast á hafsbotni á þeim stöðum í Ísafjarðardjúpi þar sem fiskeldið er fyrirhugað. Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) kemur fram að til fornleifa teljast m.a. skipsflök eða hlutar þeirra. Í 21. gr. laganna stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Ljóst er að fyrirhugað fiskeldi í HG í Ísafjarðardjúpi mun ekki valda beinu raski á hafsbotni undir eldiskvíunum nema þar sem komið verður fyrir festingum á botninum. Minjastofnun Íslands vekur athygli á að við staðsetningu festinga á botni sjávar þarf að gæta að því að þær skaði ekki fornleifar sem þar kunna að leynast. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

---

Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður

---

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvstyrelse

Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701305 | Fax: 5701301  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is) / [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)